



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Rafípróttir í 110 og 113



Árni Jónsson  
Ársel frístundamiðstöð  
Skólaárið 2019-2020



## Efnisyfirlit

|    |  |   |
|----|--|---|
| 1. | <i>Inngangur</i> .....   | 2 |
| 2. | <i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i> ..... | 2 |
| 3. | <i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i> .....     | 3 |
| 4. | <i>Mat á verkefninu</i> .....                                    | 4 |
| 5. | <i>Greinargerð um notkun styrkjár</i> .....                      | 5 |
| 6. | <i>Kynning</i> .....   | 6 |

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

## 1. *Inngangur*

Leikir barna og unglunga eru í stöðugri þróun. Fyrir um 25 – 30 árum síðan voru starfræktir leiktækjasalir víða þar sem unglingar fengu tækifæri til að hittast og spila tölvuleiki og eiga samskipti. Frá þeim tíma hefur framþróun í tölvuleikjum verið mikil og með tíma veraldarvefsins opnuðust nýjar leiðir fyrir börn og unglunga að taka þátt í virkum leik. Hluti af áskoruninni var að börn og unglingar voru ekki lengur að hittast í raunheimum heldur í gegnum tölvu, heyrnatól, hljóðnema, lyklaborð og mús. Þátttakan í tölvuleikjaspilun kallar á mörg tækifæri s.s. takast á við sigra og ósigra, vera hluti af liði, virk samskipti og svo mætti áfram telja. Nokkur hluti barna og unglunga eru virkir tölvuleikjaspilarar en hafa mörg lítinn stuðning fagfólks til að takast á við þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir í tölvuleikjunum, hluti þeirra stendur jafnvel frammi fyrir því að eiga í litlum félagslegum samskiptum í raunheimum. Í þessu liggja tækifæri fyrir fagfólk félagsmiðstöðva og var það tilefni til umsóknar í B-hluta þróunarsjóðs Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“.

Raflífróttir í pósnúmerunum 110 og 113 er þróunarverkefni ætlað börnum á aldrinum 6 – 16 ára. Helstu framkvæmdaraðilar verkefnis og frumkvöðlar eru starfsfólk félagsmiðstöðva Tíunnar, Holtsins og Fókus og frístundaheimilisins Fjóssins. Þjónustusvæði verkefnis er Árbær, Úlfarsárdalur, Grafarholt og Norðlingaholt.

Megin markmið verkefnis er að ná til barna sem ekki eru félagslega virk vegna m.a. tölvunotkunar og hafa ekki verið að stunda skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf. Með raflífróttum viljum við efla félagsfærni barna, efla sjálfsmyndina og stuðla að heilbrigðum lífstíl. Það helst oft í hendur, þegar börn einangra sig félagslega að það verður skortur á hreyfingu og heilbrigðu lífni. Verkefni leiðbeinenda eru m.a. að fræða einstaklinga um þann ávinning sem felst í hreyfingu, hollu mataræði og góðum svefn. Með því að rækta þessa lykilþætti er hægt að ná lengra í raflífróttum og í einkalífinu. Heilbrigður lífsstíll getur verið einn af lykilþáttum þegar kemur að félagslegri stöðu og líðan. Raflífróttastarf er góð leið til þess að efla þau enn frekar í samskiptum og samvinnu í raunheimum, ekki bara tölvuheimum.

Raflífróttastarf í hverfum Árbæjar, Grafarholts, Norðlingaholts og Úlfarsárdals nær því inn á fjögur atriði af fimm grundvallarþáttum menntastefnunnar „Látum draumana rætast“.

### **Heilbrigði, læsi, félagsfærni og sjálfsefling.**

## 2. *Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd*

Markmið verkefnis er að geta veitt börnum og unglungum á aldrinum 6-16 ára sem áhuga hafa að stunda raflífróttir aðstöðu og aðbúnað í nærumhverfi þeirra undir handleiðslu fagfólks. Að geta náð til barna og unglunga sem sum eru ekki hluti af öðru íþróttastarfi, veitt þeim stuðning, félagslega styrkingu, fræðslu og

hvatningu og aðstoða þau að stunda rafíþrótt sína á heilbrigðan hátt. Einnig að veita foreldrum fræðslu og stuðning til að fylgja börnum sínum eftir með hvatningu og áhuga. Verkefnið er sett upp sem tilraun til þriggja ára og á þeim tíma loknum er tækifæri fyrir fleiri samstarfsaðilar að bætast inn í verkefnið s.s. fleiri skólar og annað íþróttafélag. Vonir standa til að verkefnið verði búið að festa sig í sessi að 3 árum liðnum.

Frístundamiðstöðin Ársel stefnir að uppbyggingu á rafíþróttastarfi í Grafarholti, Úlfarsárdal, Norðlingaholti og í Grafarholti. Samstarfsaðilar í verkefninu eru íþróttafélagið Fylki, Ártúnsskóla, Norðlingaskóla, Dalskóla, Sæmundarskóla, Ingunnarskóla og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Breiðholts. Jafnframt er markmiðið að eiga samstarf við Háskólasamfélagið til að geta lagt mat á verkefnið.

Verkefnið tók nokkuð aðra stefnu þegar styrkjaúthlutun lá fyrir (sjá lið 5) en úthlutun varð til þess að endurskoða þurfti markmið, tilgang og tímaramma verkefnis. Nýr fjárhagsrammi gerði það að verkum að áherslan var lögð á uppbyggingu á aðstöðu á þrem stöðum í Holtinu Norðlingaholti, Tíunni í Árbæ og Fókus í Grafarholti / Úlfarsárdal. Til grundvallar var lagt að hver starfsstaður myndi hafa 6 tölvur að lágmarki þ.e. fimm tileinkaðar börnum og unglungum og ein fyrir þjálfara. Uppbygging á aðstöðu er nokkuð kostnaðarsöm og með góðu framlagi B-sjóðs var hægt að kaupa 16 tölvur en Ársel mun bera kostnað af þeim 2 tölvum sem uppá vantar.

Undirbúningur var þegar hafinn í félagsmiðstöðvunum sem beindist fyrst að uppbyggingu á aðstöðu og leggja grunn að hugmyndafræði. Holtið og Tíán komust snemma af stað í verkefninu þar sem húsnæði bauð uppá það á báðum stöðum. Því miður er húsakostur Fókus mjög takmarkaður og hefur því ekki tekist að byggja upp aðstöðu í Grafaholti eða Úlfarsárdal. Tölvur ætlaðar í Grafarholt eru komnar í notkun að hluta í Holtinu og er unnið að því samstarfi við Menningarmiðstöð Úlfarsárdals og Dalskóla að finna rafíþróttastarfinu aðstöðu og eru vonir bundnar við að á árinu 2021 finnist aðstaða svo skipulagt starf rafíþróttta verði í öllum borgarhverfum Ársels.

Holtið og Tíán nálgudust verkefnið með ólíkum hætti. Tíán fór strax á haustmánuðum að þróa kerfi þar sem þátttakendur gætu unnið sig upp með skipulögðum hætti og var kallað „Level“. Í kerfinu var gert ráð fyrir að þátttakendur myndi með góðri umgengni, virkri þátttöku í starfinu og virða reglur geta unnið sig upp en lokaáfangin í því var að ná „Gull – viðurkenningu“ sem veitti þátttakendum meiri aðgang að aðstöðunni og örlítið meira frelsi. Holtið náði mjög fljótt að ná saman hóp um valda tölvuleiki og virkt klúbbastarf m.a. í kringum MisterII og hefur starfið þar gengið mjög vel.

### 3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Það var mikil gæfa fyrir verkefnið að fá styrkúthlutun úr þróunarsjóð Menntastefnu Reykjavíkurborgar en án hennar hefði verkefnið ekki farið af stað.

Hlutfall úthlutunar varð reyndar til þess að endurskoða þurfti verkefnið frá grunni og leggja áherslur á þætti sem myndu koma verkefninu af stað og svarað yrði þeirri miklu þörf sem kominn var í barna- og unglingahópinn. Reynslan af Rafíþróttaverkefninu í Tíunni og Holtinu er svo sannarlega góð og mikil ánægja meðal starfsmanna, barna og unglunga og foreldra/forráðamanna þátttakenda.

Enn eru mikil tækifæri þegar kemur að samstarfi en sérstaklega þarf að meta tækifærin meira með skólunum og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Íþróttafélagið Fylkir stofnaði snemma í ferlinu Rafíþróttadeild sem er ein af sterkari deildum á landinu og urðu því snemma sjálfbær í starfi. Væntingar eru hjá báðum aðilum að félagsmiðstöðvar í hverfinu geti verið tenging við starf rafíþróttadeildar Fylkis og átt þátt í að tengja þátttakendur inn í félagið.

Samstarf við grunnskóla í hverfinu fór ágætlega af stað en það átti sér fyrst og fremst stað í samtali milli skólans og forstöðumanna félagsmiðstöðva. Áfram er verið að þróa þetta samstarf og fjölga skólum inni í verkefninu.

Verkefni starfsfólks frístundamiðstöðvar Ársels tóku mið af úthlutun og var lögð megin áhersla á að byggja upp aðstöðu og leitað væri annara leiða til að þjálfa starfsfólk og við að leggja mat á verkefnið. Samstarfi við Háskólasamfélagið var því frestað og lögð áhersla á að koma verkefninu af stað.

Þrátt fyrir að þróunarverkefnið hafi ekki tekið það flug sem vonir stóðu til hefur verkefnið nú þegar sannað ágæti sitt með mikilli og virkri þátttöku einstaklinga á aldrinum 10 – 16 ára. Stefnt er að því að finna lausn á aðstöðuvanda Fókus en vonir standa til að lausnir séu til staðar í Úlfarsárdal.

#### 4. *Mat á verkefninu*

Verkefnið hefur verið metið af starfsfólki félagsmiðstöðva þar sem lagt hefur verið mat á fjölda þátttakenda, nýliðunar í starfi félagsmiðstöðvar og virkni í öðru starfi félagsmiðstöðvarinnar. Þar sem um algjört frumkvöðlaverkefni er að ræða hófst verkefnið með engum þátttakenda.

Tíán hefur farið vel af stað og voru þátttakendur 70 með skráð leyfisbréf á aldrinum 10 – 16 ára á vorönn 2020. Gert er ráð fyrir að fjöldinn geti vel farið hærra á starfsvetrinum 2020 – 2021. Samskipti við foreldra hefjast um leið og þátttakendur skila inn leyfisbréfi og er reglulegt upplýsingaflæði til forelda í formi fréttu á Facebook síðu og með símtölum.

Reynslan af þrepaskiptum ávinningi þ.e. þar sem þátttakendur geta unnið sig upp í meira sjálfstæði tengt aðstöðu hefur að mati leiðbeinenda reynst afar vel. Þörfin reyndist vera mikil í Tíunni og var sumarið 2020 starfrækt hópastarf í rafíþróttum. Takmarkaður fjöldi þátttakenda var í verkefninu og var miðað við að geta tekið við 6 einstaklingum í skipulagt starf hverju sinni, hægt var að skrá sig í eitt eða fleiri skipti. Skipulagt starf fór fram 5 sinnum og var biðlist á öll námskeið. Af 30 heimsóknnum var einungis ein heimsókn frá stúlku. Tíán er að leggja mat á tækifæri í að ná til fleiri stúlkna en strákar hafa verið í miklum meirihluta.

Holtið hefur jafnframt farið mjög vel af stað. Skráðir þátttakendur með leyfisbréf á vorönn 2020 voru 40. Mikill meirihluti þátttakenda eru drengir og er Holtið að skoða sérstakar opnanir fyrir stúlkur til að auka þátttöku þeirra í raflífróttastarfi. Áhersla Holtsins á skipulagt hópastarfi í kringum leiki hefur reynst þátttakendum vel. Hluti af þeirri vinnu leiddi af sér að skipulag sumarstarfs í raflífróttum tók mið af einum leik og var full skráning allt sumarið.

Starfsfólk Fókus í samstarfi við stjórnanda Fjóssins hefur unnið að úrlausnum á aðstöðu fyrir raflífróttaaðstöðu en þegar skýrslan er tekin saman liggur ekki fyrir lausnin. Í undirbúningi verkefnisins hefur það komið skýrt fram að þörfin er mikil fyrir skipulagt raflífróttastarf og er mikill samstarfsvilji við verkefnið hjá grunnskólum í hverfinu.

Nú þegar er hægt að merkja árangur þegar kemur að árangri í þeim grundvallarþáttum Menntastefnunnar sem snýr að félagsfærni, heilbrigði, sjálfsefningu og læsi en virkir þátttakendur hafa allir fengið tækifæri að takast á við áskoranir tengdar þessum þáttum. Áfram verður unnið að settum markmiðum úr Menntastefnu og lögð sérstök áhersla á þessa fjóra grunnþætti.

## 5. Greinargerð um notkun styrkjár

- Áætlaður kostnaður við framkvæmd verkefnis var eftirfarandi.

| Kostnaðarþáttur        | Heildarkostnaður (þús. kr.) | Hluttur Þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur (þús. kr.) |
|------------------------|-----------------------------|---|
| Laun                   | 4.993                       | 0   |
| Efniskostnaður         | 7.957                       | 7.957   |
| Aðkeypt þjónusta       | 1.700                       | 1.700   |
| Annað (tilgr. í aths.) | 400                         | 300   |

- Úthlutun úr B-hluta sjóð 3.500.000 kr.
- Heildarútgjöld vegna verkefnis úr þróunarsjóði.

### Reksturs raflífróttaverkefnis

| Kostnaðarþáttur                      | Hluttur þróunarsjóðs |
|--------------------------------------|----------------------|
| Tölvur, skjár, mýs, músam, lyklaborð | 2.940.000            |
| Borð og stólar                       | 396.000              |
| Framkvæmdir á aðstöðu                | 154.000              |
| Sendingarkostnaður                   | 10.000               |
| <b>Samtals útgjöld</b>               | <b>3.500.000</b>     |

- Áætlaður kostnaður vegna framkvæmdar á verkefni sem fallið hefur á Ársel frístundamiðstöð.

**Reksturs rafíþróttaverkefnis - Ársel**

| <b>Kostnaðarpáttur</b>               | <b>Hluttur þróunarsjóðs</b> |
|--------------------------------------|-----------------------------|
| Tölvur, skjár, mýs, músam, lyklaborð | 551.250                     |
| Borð og stólar                       | 237.600                     |
| Framkvæmdir á aðstöðu                | 125.600                     |
| Launakostnaður                       | 1.735.400                   |
| <b>Samtals útgjöld</b>               | <b>2.649.850</b>            |

## 6. *Kynning*

Kynningar hafa farið fram á verkefninu með nokkuð fjölbreyttum hætti m.a. á Höfuð í bleyti sem er sameiginleg fræðsla skóla og frístundasviðs. Myndband þar sem starf Tíunnar var kynnt á Höfuð í bleyti liggur inni á Vimeo rás Skóla- og frístundasviðs.

Fyrirlestur á Menntakviku þar sem vegferðin var kynnt.

Verkefnið hefur verið kynnt og mun áfram vera kynnt fyrir öllum helstu samstarfsaðilum s.s. grunnskólum í hverfinu, Þjónustumiðstöð og Íþróttafélaginu Fylki sem stofnaði rafíþróttadeild á árinu sem er orðin ein sú öflugasta á landinu.

Nokkuð hefur verið um það að gestir hafa komið í heimsókn til að kynna sér verkefnið og hefur starfsfólk fengið afar jákvæð viðbrögð frá öllum sem sótt hafa verkefnið heim.

Áfram mun starfsfólk Ársel standa fyrir kynningum á starfinu.